

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 94/1999**

**frá 16. júlí 1999**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/1995 frá 24. febrúar 1995<sup>(1)</sup>.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/37/EB frá 22. júní 1998 um samræmingu laga aðildarríkjanna um vélar<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:**

*1. gr.*

Eftirfarandi komi í stað 1. liðar (tilskipun ráðsins 89/392/EBE) í XXIV. kafla í II. viðauka við samninginn:

„1. **398 L 0037:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/37/EB frá 22. júní 1998 um samræmingu laga aðildarríkjanna um vélar (Stjtið. EB L 207, 23.7.1998, bls. 1).“

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 83, 13.4.1995, bls. 48 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 13, 13.4.1995, bls. 32.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 207, 23.7.1998, bls. 1.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/37/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 17. júlí 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 16. júlí 1999.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*N. v. Liechtenstein*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*G. Vik*

*E. Gerner*